

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga

17. fundur þriðjudaginn 24. september 2019 kl. 8:30

Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Magnús Karel Hannesson (MKH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

Indriði B. Ármannsson tekur tímabundið sæti Ástríðar Jóhannesdóttur í starfshópnum fyrir hönd Þjóðskrár Íslands vegna leyfis Ástríðar.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Frásögn af fundi með fulltrúum þingflokka.

Á fundi með fulltrúum þingflokka 20. september sl. var farið yfir miðlæga kosningastofnun, ákvæði um aðstoð við kjósendur, kosningarrétt Íslendinga búsettra erlendis, talningu atkvæða á kjörstöðum, lokun kjörstaða kl. 21 og bréfkosningar. Fundargerð fundarins afhent og rædd.

3. Ákvæði 106.-117. gr. um talningu atkvæða.

Ákveðið að kanna norrænan rétt um mat á gildi atkvæða.

Rætt um talningu atkvæða á kjörstað og að löggjöfin ætti að kveða á um að talið yrði á kjörstað en yfirkjörstjórn sveitarfélags ákveði hvar kjörstaðir verði. Ákveðið að ekki verði talið á kjörstað nema 100 kjósendur standi á kjörská. Þá verði talið annars staðar en atkvæðum haldið aðskildum.

Í ljósi ábendinga um að hægt sé að einfalda kafla enn meira var ákveðið að fresta þessum kafla til næsta fundar.

4. Ákvæði 118.-125. gr. um úthlutun þingsæta og útgáfu kjörbréfa fyrir alþingismenn.

Rætt um umfang stjórnsýslu við útgáfu kjörbréfa. Eftir kosningar gefur landskjörstjórn út kjörbréf til þingmanna og jafnmargra varaþingmanna. Síðan er töluvert umstang ef gefa þarf út kjörbréf til varaþingmanna án kjörbréfs, þ.e. ef varaþingmenn ofar á listanum geta ekki tekið sæti. Varaþingmenn sem ekki geta tekið sæti þurfa að staðfesta það skriflega við skrifstofu Alþingis. Formaður þingflokks ritar þá bréf til forseta Alþingis þar sem hann óskar eftir að varaþingmaður taki sæti. Forseti Alþingis ritar síðan bréf til

landskjörstjórnar þar sem óskað er eftir að hún gefi út kjörbréf handa varaþingmanni. Þá er landskjörstjórn kölluð saman (5 fulltrúar), oft með mjög stuttum fyrirvara, til að undirrita kjörbréf og bréf til forseta Alþingis þar um. Þegar kjörbréfið er tilbúið er stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, þar sem hún tekur við störfum kjörbréfanefndar eftir kosningu fastanefnda, boðuð til fundar til að rannsaka kjörbréfið og komast að niðurstöðu um hvort nefndin mæli með samþykkt þess. Því næst er kjörbréfið tekið fyrir í upphafi þingfundar þar sem forseti greinir frá framangreindu ferli. Þá tekur formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til máls og kynnir niðurstöðu nefndarinnar. Kjörbréfið er síðan oftast samþykkt á þingfundi án atkvæðagreiðslu. Frumrit kjörbréfa eru geymd í skjalasafni Alþingis en þingmenn fá afrit kjörbréfsins.

Eftir sveitarstjórnarkosningar gefur yfirkjörstjórn sveitarfélags út kjörbréf fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og jafnmarga varamenn. Stundum þarf yfirkjörstjórn að koma saman á kjörtímabilinu til að gefa út kjörbréf til varamanna.

Eftir forsetakosningar gefur Hæstiréttur út kjörbréf til handa forseta Íslands.

Rætt um tilgang kjörbréfa, til að boða þingmenn á þingfund og lýsa kosningaúrslitum. Mikilvægt er að lýsa réttum úrslitum kosninga opinberlega eftir hverjar kosningar. Hægt væri að senda kjörnum fulltrúum tilkynningu um úrslit kosninganna og að viðkomandi hafi verið kjörinn. Þetta væri hægt að gera rafrænt. Í raun óþarfi að kalla saman landskjörstjórn til að gefa út kjörbréf fyrir varaþingmann til að staðfesta úrslit kosninga sem þegar hafa verið staðfest. Ákveðið að leggja til að þessi stjórnsýsla verði aflögð og að kjörbréf verði ekki gefin út til þingmanna, sveitarstjórnarfulltrúa og forseta Íslands. Í þessu felst einföldun regluverks, stytting verkferla og minna umstang stjórnvalda á kjörtímabilinu. Ljóst að breyta þarf lögum um þingsköp Alþingis vegna þessa.

5. Ákvæði 126.-128. gr. um kosningaúrslit sveitarstjórnarkosningar.

Rætt um hæfi sveitarstjórnarfulltrúa. Dæmi um að sveitarstjórnarfulltrúar gegni trúnaðarstörfum í öðrum sveitarfélögum.

6. Ákvæði 129.-131. gr. um kosningaúrslit forsetakjörs og útgáfu kjörbréfs forseta Íslands.

Rætt um hlutverk Hæstaréttar við lýsingu úrslita forsetakosninga og sem úrskurðaraðila þeirra kosninga. Ákveðið að halda þessu fyrirkomulagi óbreyttu.

7. Ákvæði 132.-133. gr. um kosningaúrslit þjóðaratkvæðagreiðslna.

Ákveðið að þetta betur rökstuðning í greinargerð með 133. gr. um hvernig meta skuli gildi atkvæðis í þjóðaratkvæðagreiðslu ef kjósandi gerir ógilt við einni spurningu en annað á seðlinum er gilt.

8. Önnur mál.

Rætt um að bjóða þingflokkum upp á kynningarfund um tillögur starfshópsins í upphafi samráðsferlis. Forseti Alþingis fær frumvarpið til yfirlestrar mánaðarmótin október/nóvember.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 8. október 2019 kl. 9 (heilsdagsfundur).

Fundi slitið kl. 9:55.